

Stjörnuegg hf. alifuglabú  
Vallá  
116 Kjalarnes

Reykjavík, 30. apríl 2020  
UST201902-310/H.R.A.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 11. mars 2020 þar sem stofnunin óskaði eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna frávíks er fram kom í eftirliti þann 30. nóvember 2018. Hinn 20. apríl 2020 barst uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávik er eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.3 í starfsleyfi.** Í gildandi deiliskipulagi er miðað við að starfsemin sé með um 50.000 varphænur. Starfsemin í dag er með 60.000 varphænur. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafði áður leiðbeint rekstraraðila um að sækja þurfi um nýtt starfsleyfi að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og breytingu á deiliskipulagi. Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum um stöðu málsins. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á deiliskipulagi og hyggst sækja um nýtt starfsleyfi. Í erindi rekstraraðila dags. 28. ágúst 2019 kom fram að tillaga að matsáætlun hafi verið send Skipulagsstofnun. Skipulagsstofnun hafi í framhaldi af því óskað eftir nánari upplýsingum um hvernig rekstraraðili ætlaði sér að geyma skít eftir að hann hafi verið fjarlægður úr eldishúsum og fleiri upplýsingar því tengdu. Í svari rekstraraðila til Umhverfisstofnunar kom fram að rekstraraðili liti svo á að ekki væri hægt að svara Skipulagsstofnun fyrir en að fyrir lægi hvort fallist yrði á umsókn um breytingu á starfsleyfi. Rekstraraðili tók fram að þegar niðurstaða umsóknarinnar lægi fyrir, myndi vinna í tengslum við breytingu á deiliskipulagi, mati á umhverfisáhrifum og umsókn um nýtt starfsleyfi fara á fullt. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila frá 20. apríl sl. er umsóknarferli rekstraraðila um nýtt starfsleyfi vel á veg komið. Verkfræðistofan Efla hefur unnið matsáætlun á umhverfisáhrifum með þeim hætti er lög áskilja. Jafnframt hefur Skipulagsstofnun tekið tillöguna til meðferðar, rekstraraðili telur sig því hafa brugðist við kröfu um úrbætur með framlagningu tillögu að matsáætlun og fleiri gögnum til Skipulagsstofnunar. Tímasetningar ráðist hins vegar af meðferð málsins hjá Skipulagsstofnun og er því ekki á forræði rekstraraðila.**


**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en eftirfylgni úrbóta vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Skúli Þórðarson  
Sviðsstjóri



Helga Rut Arnarsdóttir  
Lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurnesja